

30. október 2023



Kynning fyrir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu



Stóra myndin

- Menntastefna til ársins 2030
- Innleiðing farsældarlaga og stefnu um barnvænt Ísland
- Athugasemdir, skýrslur og ábendingar sem hafa borist vegna stöðu Menntamálastofnunar



Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

- 1. gr. frv. *Stofnun og hlutverk*: Þjónustustofnun á sviði fræðslu- og menntamála
 - Leik-, grunn- og framhaldsskólastig og verkefni sem skilgreind eru skv. þeim lögum.
 - Önnur löggjöf á sviði fræðslu- og menntamála, t.d. lög um námsgögn, um menntun, hæfni og ráðningu..., lög um lýðskóla o.fl.
- 2. gr. frv. *Skipun forstjóra*



Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

- *3. gr. frv. Samvinna og samráð.*
 - Almennt samráð við hagsmunaaðila og reglubundið samráð við sveitarfélög
 - Skylda til að hafa samráð við börn
 - Sérstakt samráð við BoFS og R&G, heimild fyrir ráðherra að ákveða samrekstur tiltekinna verkefna.
 - Tímabundnir samráðshópar.



Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

- 4. gr. frv. Verkefni
 - a. styðja, efla og samhæfa menntun, skólaþjónustu og annað skólastarf um land allt, m.a. með almennri og sérhæfðri fræðslu.
 - Miðlægur stuðningur við skóla og starfsfólk skóla.
 - Leiðbeiningar, stuðningur og ráðgjöf vegna faglegs starfs, kennslu, námsmats, úrræða skólaþjónustu.



Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

- 4. gr. frv. Verkefni
 - b. sjá nemendum í skyldunámi fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum og öðrum nemendum eftir því sem stofnuninni kann að vera falið.
 - Sama orðalag og í nógildandi lögum um Menntamálastofnun
 - Fjallað um yfirstandandi vinnu við endurskoðun á umgjörð um námsgögn í greinargerð.



Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

- *4. gr. frv. Verkefni*
 - c. byggja upp og halda utan um aðferðir og úrræði fyrir skóla sem styðja við skólastarf og skólaþjónustu, þar á meðal gæðaviðmið, verkferla, verkfæri, matstæki og önnur tæki til skimana og athugana á einstaklingum eða hópum.
 - Hér undir t.d. námsmat, stöðumat vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, leiðbeiningar og gæðaviðmið.



Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

- *4. gr. frv. Verkefni*

d. styðja við innleiðingu stefnumótunar stjórnvalda á sviði menntunar og farsældar barna og ungmenna, þ.m.t. menntastefnu og aðalnámskráa.

- Tryggja markvissari innleiðingu stefnumótunar.



Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

- *4. gr. frv. Verkefni*
 - Einföld upptalning sem rúmar fjölbreytt verkefni.
 - Mælt fyrir um í 2. mgr. að verkefnum sé forgangsraðað með hliðsjón af þörfum hverju sinni undir yfirstjórn ráðherra.



Mennta- og barnamálaráðuneyti

- *9. gr. frv. Breyting á ýmsum lögum.*
 - Söfnun, greining og miðlun upplýsinga um leik-, grunn- og framhaldsskóla falin ráðherra skv. lögum.
 - Eftirlit og ytra mat falið ráðherra ásamt stjórnsýsluverkefnum, þ.e. leyfisveitingum, staðfestingum o.fl.



Aðrar breytingar

- *9. gr. frv. Breytingar á ýmsum lögum.*
 - Tilfærsla verkefna milli ráðherra í Stjórnarráði Íslands.
 - Aukin samvinna og mögulegur samrekstur Ráðgjafar- og greiningarstöðvar, Barna- og fjölskyldustofu og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.
 - Tilfærsla verkefna frá Menntamálastofnun til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.
- *Ákvæði til bráðabirgða IV*
 - Stuðnings- og ráðgjafarteymi (landsteymi um farsæld barna)



Niðurlagning Menntamálastofnunar

- *Ákvæði til bráðabirgða I-III.*
 - Öll störf hjá Menntamálastofnun lögð niður:
 - Tilkynning um uppsögn send við samþykkt frumvarps
 - Ný störf auglýst strax við samþykkt frumvarpsins hjá MMS og MRN.
 - Til athugunar: Endurskoða gildistökuákvæði út frá tímalínu við vinnslu frumvarpsins.



Mat á áhrifum frumvarpsins

- Flutningur fjármuna frá Menntamálastofnun til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og mennta- og barnamálaráðuneytis.
 - 11,5 stöðugildi fara í ráðuneytið en aðrar fjárheimildir flytjast til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.



Breytingar milli 153. og 154. löggjafarþings

- Breytt heiti stofnunar.
- Markmiðsákvæði felld brott.
- Breyting á umfjöllun um samráð og samvinnu.
- Breyting á umfjöllun um verkefni.
- Breytingar á greinargerð, sérstaklega 2. kafla.
- Breytt gildistaka ásamt breytingum sem því tengjast, þ.m.t. vegna mats á fjárhagsáhrifum.



Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (sambætting þjónustu o.fl.)



Tilgangur og nauðsyn

- Samræma löggjöf við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 (hér eftir farsældarlög)
- Styrkja umgjörð um þjónustu og snemmtækan stuðning í þágu barna
- Styrkja réttindi barna og tryggja betra samræmi milli lagabálka við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013 (hér eftir barnasáttmálinn)



Fimm lagabálkar sem frumvarpið nær til:

- Lög um leikskóla nr. 90/2008
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008
- Íþróttalög nr. 64/1998
- Æskulýðslög nr. 70/2007



Meginefni frumvarpsins

1. Nauðsynlegar breytingar sem miða að því að **samræma hugtakanotkun** laga á málefnasviði mennta- og barnamálaráðuneytisins við ákvæði farsældarlaganna
2. Breytingar sem lúta að **stefnumótun og áætlanagerð**
3. Breytingar til að tryggja **snemmtækan stuðning**
4. Breytingar á framangreindum fimm lagabálkum til að **árétta og skýra skyldur aðila sem veita þjónustu í þágu barna á grundvelli farsældarlaganna**



Frh..

5. Breytingar sem miða að því að skýra hlutverk tengiliða, málstjóra og stuðningsteyma samkvæmt farsældarlögunum
6. Breytingar sem miða að því að samræma ákvæði laganna við ákvæði barnasáttmálans, einkum 12. gr. sáttmálans